

1866.

21. febrúar.

18. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um byggingu á húsi handa bókasafni Reykjavíkur skóla.

Eftir að kirkju- og kennslustjórnin hefir veitt Klentz timburmeistara færi á að kynna sér athugasemdir þær, er þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, hafið gjört í bréfi 7. septembermán. f. á. um uppdrátt þann og áætlun, sem honum fylgir, um hús handa bókasafni Reykjavíkur skóla, og Klentz hefir búið til, höfum vér smátt og smátt fengið frá honum ýmsar uppástungur um, hvernig byggja ætti hús þetta, og hafa uppdrættir til að sýna, hvernig húsið ætti að vera, fylgt uppástungunum. Hefir hann bæði tekið tillit til breytinga þeirra, er þær í áðurnefndu bréfi yðar hafið æskt eftir að gjörðar væru á hinni fyrstu uppástungu hans, og líka til þess, að stjórnarráðið hafði látið í ljósi, að það efaðist um, að hús það, er hann hafði gjört áætlun um, yrði nógu stórt til þess sem það er ætlað. Með því að stjórnarráðinu nú finnst uppdráttur sá, er fylgir með bréfi þessu, og Klentz seinast hefir búið til, vera vel til þess fallinn, að húsið sé byggt eftir honum — hefir hann, einsog sjá má á bréfi hans 6. f. m., er einnig er með fylgiskjölum bréfs þessa, boðizt til að takast á hendur að smíða húsið eftir honum fyrir 7600 rdl. — og með því að stjórnarráðinu í öllu falli þykir ísjárvert að trúa Sverri Runólfssyni steinhöggarva, er þær hafið getið um í bréfi yðar, fyrir að smíða húsið, og með því það að síðustu er mjög svo áriðandi bæði fyrir Klentz timburmeistara og til þess að húsið komist upp, að hann nú geti fengið að vita, hvort boði hans verður tekið, eða ekki, þá hefir stjórnarráðið í dag heitið honum, að honum skuli verða falið á hendur að taka að sér að byggja hús þetta með þeim kostum, sem hann hefir boðið, þó með því skilyrði, að yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, ekki þyki vera neitt sérlegt útá uppástungu hans að setja. Jafnframt og þær því eruð beðnir að segja álit yðar um þetta, ef þær getið með þessari ferð, þækti stjórnarráðinu líka vænt um að fá að

vita, hvort þér vilið láta setja nokkra sérstaklega skilmála í samning þann, er gjörður verður við Klentz um húsmíðið.

1866.

21. febrúar.

Enn fremur eruð þér beðnir um að skýra stjórnarráðinu frá, hvaða samningur hafi verið gjörður um að leggja til grjót til hússins, eins og þér hafið vikið á í bréfi yðar 3. nóvembermán. f. á., og skal þess um leið getið, að fè það, sem varið hefir verið eða eptirleidis verður varið til þessa, einnig er fólgið í þeim 7600 rdl., sem getið er um hér að framan.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um umsjón stiptamtannsins með vegabótum í Reykjavík.

21. febrúar.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, í bréfi dags. 20. októbermán. f. á. hafið skýrt frá ásigkomulagi veganna í suðurumdæminu, og sent hingað skýrslur frá öllum sýslumönnum, nema sýslumanninum í Skaptafellssýslu, um vegina í sýslum þeirra, hafið þér sérstaklega tekið fram um Reykjavíkur kaupstað, að bæjarstjórnin þar haldi þeirri skodun fram, samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 10. júlímán. 1863, að vegabótalögin 15. marzmán. 1861 verði ekki heimfærð uppá Reykjavík. En með því að þér samt sem áður hljótið að álíta það sjálfsagt, að þér sem amtmaður í suðurumdæminu eigið að hafa umsjón með vegunum í bænum, eins og öðrum vegum í umdæminu, og þér ekki til fullnustu getið sæð um vegabæturnar, þó að þér sem amtmaður í suðurumdæminu eigið að samþykkja fjárhagsáætlun bæjarins og yfirskoða reikninga hans á ári hverju, þá hafið þér borið undir stjórnarráðið, hvort það geti ekki fallið á þann skilning yðar á áður nefndu bréfi þess 10. júlímán. 1863, að í bréfinu hafi einungis átt að taka fram, að ákvarðanirnar í vegabótalögunum um það, hvernig eigi að fá fè það, er þarf til vegabótanna, verði ekki heimfærðar uppá Reykjavík, og að bærinn standi ekki í neinu sambandi við hinn hluta umdæmisins, þegar um gjöld til vegabótasjóðsins er að ræða. Fallist stjórnarráðið ekki á þetta, hafið þér farið þess á leit, að dómsmála-